

MATARHLÉ



Elfa Björk Gylfadóttir, forstöðukona í heimaþjónustu B, tekur áskorun Arne Friðriks Karlssonar, forstöðumanns á sambýlinu Brálundi 1, um að birta uppskrift í þessu tölublaði. Elfa segir að hlutverk sitt á heimilinu sé að finna uppskriftir og að sjá um eftirréttna!

Elfa Björk skorar á Konráð Loga Fossdal, starfsmann á sambýlinu Snægili 1, að töfra fram uppskrift fyrir næsta blað.

SÚKKULAÐI SKYR-OSTAKAKA

Hráefni: Aðferð:

Kökubotn:

6-8 Prins pólo

Fylling:

400 gr. rjómaostur

200 gr. vanilluskur

100 gr. flórskukur

2 eggjarauður

150 gr. hvítt súkkulaði

kaffi

kakó

Prins Pólóið mulið niður og bleytt með kaffi eftir smekk. Skyrinu, rjómaostinum, flórskurinum og eggjunum hrært saman ásamt smá kaffi og er Kitchen Aid upplagt í þann gjörning. Ráðlagt er að taka rjómaostinn tímanlega úr ísskápnum. Súkkulaðið er brætt og því bætt út í. Prins Pólóinu er raðað saman í botn og blöndunni smurt ofan á og herlegheitin síðan geymd í ísskáp í að minnsta kosti klukkutíma. Gaman er að skreyta kökuna með kakói og söxuðu hvítu súkkulaði.

Kakan bragðast ekki síður daginn eftir!

BOTNAHORNID

Í síðustu Króniku kastaði Davíð Hjálmar Haraldsson fram eftirfarandi fyrripart:

Feiminn, ungan fyrripart fýsir botn að hitta.

Margir sendu inn ágæta botna en dómnefnd valdi framlag Hallfríðar Einarsdóttur, ritara í Lundarskóla:

Ef ástarbrima verður vart í vísu fer að glitta.

Fyrripartur þessa tölublaðs hljómar svona og botnið nú!

Það er hollt að borða ber ef bláhvítur þú ert sem næpa.

Sendið botna á akureyri@akureyri.is merkt „Botnahornið“.

GOTT AÐ VITA

Viðtalstímar bæjarstjóra

Viðtalstímar hjá bæjarstjóra eru að öllu jöfnu á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og föstudögum á milli kl. 10.00 til 12.00 – þó með fyrirvörum um aðra dagskrá hans.

Starfshæfnisvottorð

Í kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og viðsejenda er ákvæði um skil á starfshæfnisvottorði. Starfsmaður sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelt í einn mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju nema læknir votti að heilsa hans leyfi. Starfshæfnisvottorði þarf því að skila til næsta yfirmanns áður en starfsmaður hefur störf að nýju. Akureyrarbær endurgreiðir kostnað vegna starfshæfnisvottorðs og kostnað vegna viðtals vegna öflunar starfshæfnisvottorðs gegn framvísun reiknings.

Veikindi barna yngri en 13 ára

Foreldri, eða forsjármaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið.

Upplýsingar á www.eg.akureyri.is

Á starfsmannavef Akureyrarbæjar www.eg.akureyri.is eru birtar upplýsingar um fjarvistir frá síðustu áramótum vegna veikinda barna taldar í tímum. Á starfsmannavefnum má einnig skoða fjölda veikindadaga starfsmanns síðustu 12 mánuði.



Börn frá leikskólanum Hólmasól sendu friðarflöskuskeyti af Húna II á Akureyrarvöku. Ljósmynd: Hugí Hlynsson.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Hlynur F. Þormóðsson, Ingunn Helga Bjarnadóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNICA

4. tbl. 5. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR september 2010



Fjöldi fólks sótti opunarhátíð Hofs á Akureyrarvöku.

Akureyri iðaði af lífi síðustu helgina í ágúst þegar Akureyrarvaka var haldin og Menningarhúsið Hof vígt. Auk þess var haldið upp á 148 ára afmæli Akureyrarbæjar. Mikill mannföldi sótti viðburði um allan bæ enda var dagskráin glæsileg og stóð yfir heila helgi sem er nýlunda. Hún hófst formlega í rómantískum Lystigarðinum og af fjölmörgum viðburðum má nefna: „Söngur og súkkulaði“ við Galtalæk, magnaða draugagöngu Minjasafnsins, sýningu Þorgils Gíslasonar sem byggðist á samræðum Bessa Bjarnasonar og Guðmundar Jaka, barnagleði á Ráðhústorgi, opnanir í Listagilinu og fleira. Lokaviðburðurinn var ekki af verri endanum: Listagilið var skreytt rauðum og svörtum blöðrum og frábær dagskrá sett þar á svið sem stóð í tvo klukkutíma. Notaleg stemning myndaðist í bænum, allt fór vel fram og fólk var með bros á vör.

Vígsla Menningarhússins Hofs var hluti af Akureyrarvöku og stóð opunarhátíðin yfir alla helgina. Lay Low og norðlenskir tónlistarmenn gáfu tóninn strax á föstudagskvöldinu og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lokaði dagskránni á sunnudeginum með hátíðartónleikum. Húsið var fullt af fólki allan laugardaginn og gafst gestum tækifæri til þess að kynna sér fjölbreytta starfsemi Hofs. Hápunktur kvöldsins var þegar bæjarbúar tóku „húsið yfir“ með táknrænum hætti og leystu risastóra slaufu sem bundin var við húsið. Það var gert undir dyggri stjórn Kristjáns Ingimarssonar í hlutverki byltingarhetjunnar Kingimars.

Sannarlega viðburðarík og söguleg helgi á Akureyri sem allir geta verið stoltir af.

GAMLA MYNDIN



Nú er spurning hversu glöggir lesendur Krónikunnar eru. Spurt er: hver er á myndinni hér að ofan og við hvað starfar viðkomandi? Sendið okkur svör sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is merkt „Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar.“ Í verðlaun að þessu sinni eru fjórir miðar á sýningu Sirkus Íslands í Menningarhúsinu Hofi sem sett verður á svið í lok október.

Í síðasta tölublaði birtum við mynd af ungru stúlku sem nú starfar hjá Akureyrarbæ og spurðum hver hún væri. Talsvert barst af svörum og var starfsfólk bæjarins ekki í vafa um hver var þar á ferðinni því svörin voru öll rétt! Á myndinni er Margrét Sölvadóttir starfsmaður í Sundlaug Akureyrar. Dreigið var úr innsendum svörum og upp kom nafn Sigríðar Stefánsdóttur, verkefnastjóra. Fær hún 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar að launum.



Byltingarhetjan Kingimars á opunarhátíð Hofis



KVEÐJA FRÁ BÆJARSTJÓRA



Ágæta samstarfsfólk.

Ákveðin tímamót urðu í sögu Akureyrarbæjar við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Hreinn meirihluti myndaðist sem ekki hefur áður gerst í sögu bæjarins. Í framhaldi af þessari niðurstöðu ákvað nýr meirihluti að auglýsa starf bæjarstjóra laust til umsóknar eins og lofað hafði verið í aðdraganda kosninga. Undirritaður var svo lánsamur að vera valinn úr stórum og öflugum hópi umsækjenda til að sinna starfinu og er afar stoltur af því að fá tækifæri til að leiða sveitarfélagið sem framkvæmdastjóri þess næstu árin. Ekki hefur verið ópólitískur bæjarstjóri á Akureyri í 16 ár eða frá kosningunum 1994. Ljóst er að einhverjar breytingar verða á eðli starfsins. Ekki bara vegna þess að nýr aðili er sestur í stólinn heldur einnig fyrir það að ákveðinn eðlismunur er á aðkomu ópólitísku bæjarstjóra að stjórnun sveitarfélags. Starfsmenn munu því verða varir við einhverjar breytingar.

Við fjölskyldan erum mjög ánægð með að vera komin aftur til Akureyrar, nú átta árum og tveimur börnum síðar, enda hefur okkur liðið hér vel bæði sem íbúar og gestir. Á Akureyri eigum við marga góða vini og góðar minningar. Móttökurnar sem fjölskyldan hefur fengið hafa farið fram úr öllum væntingum og fyrir þær erum við ákaflega þakklát. Væntingar til mín í starfi eru einnig miklar og mun ég leggja mig allan fram um að standa undir þeim.

Það er von mín og ósk að geta átt gott og uppbyggilegt samstarf við alla starfsmenn sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að við getum áfram myndað sterka og öfluga stjórnarsýslu sem þjónustar íbúa og gesti á opinn og skilvirkan hátt. Með metnaði og góðri samvinnu allra starfsmanna mun það takast.

Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri



HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Valpór Brynjarsson er verkefnastjóri viðhalds á fasteignum Akureyrarbæjar. Valpór fæddist á Akureyri en ólst upp í Reykjadal í S-Þingeyjarsýslu. Þar bjó hann til 16 ára aldurs en flutti þá til Akureyrar með foreldrum sínum. Hann er byggingafræðingur að mennt og stundaði nám í Horsens í Danmörku á árunum 2004-2008. Að námi loknu hóf Valpór störf hjá Fasteignum Akureyrar og hefur unnið þar síðan. Hann er jafnframt húsasmiðameistari og hefur m.a. unnið á Sambandsverksmiðjunum, í kjötiðni og á innréttingaverkstæði. Hans helstu áhugamál eru skotveiði þar sem hann veiðir rjúpur, svartfugl og hreindýr. Einnig eru hjólreiðar með fjölskyldu og vinum í sérstöku uppáhaldi.

En í hverju skyldi starfið helst vera fölgandi?

„Mitt starf felst í því að útbúa kostnaðaráætlanir varðandi viðhaldið og skipuleggja verkefni í samráði við þjónustufulltrúa og Guðríði Friðriksdóttur framkvæmdastjóra Fasteigna Akureyrar. Einnig kem ég töluvert að samningagerð og ýmiss konar útboðum.“

Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Í þessu starfi hitti ég alveg ótrúlegan fjölda fólks sem gaman er að kynnast og vinna með. Áætlanagerðin getur líka verið mjög skemmtileg og áhugaverð því þar er sett upp viss áætlun sem oft er krefjandi að fylgja. Það er líka mjög gaman að koma að verkefnum sem hafa setið á hakanum og þá finnur maður mest fyrir þakklæti fólks. Helstu leiðindin við starfið er tímaleyssi því oft þurfum við að keppa við tímann vegna mikilla anna.“

Hver er helsti kosturinn við að búa á Akureyri?

„Á Akureyri er frábært að búa enda er hér allt til alls og ótrúlega fjölbreytt þjónusta í boði. Bærinn er líka alltaf í sókn og núna erum við að taka í notkun nýtt íþróttahús við Giljaskóla og svo auðvitað Menningarhúsið Hof.“